



Morgunblaðið, 14.05.2020, síðu 12
grein stærð: 280.40 sm2
grein hæð: 27.58 sm

Forseti nýrra tíma á sýningu í Þjóðminjasafninu



Morgunblaðið/Árni Sæberg

Heimsókn Afhentir sauðskinnsskór í ferðalagi vestur á fjörðum forðum daga.

Vigdís á ljósmyndum

Vigdís er sterk fyrirmynd heilu kynslóðanna og sem forseti var hún brautryðjandi nýrra viðhorfa.

Tengdi fortíð, líðandi stund og framtíðina í athöfnum sínum og ávörpum, sem gjarnan fjölluðu um menningu, mannlíf og náttúru. Þau efni eru leiðarstef svo margt í dag og að því leyti var Vigdís brautryðjandi og á undan sinni samtíð. Þjóðleg og heimsborgari í senn,“ segir Margrét Hallgrímsdóttir þjóðminjavörður.

16 ár og myndir

Um komandi helgi verður í Þjóðminjasafni Íslands opnuð sýningin Vigdís – forseti nýrra tíma. Þar gefur að líta alls sextán ljósmyndir frá jafnmörgum árum sem Vigdís sat á Bessastöðum sem þjóðhöfðingi Íslendinga. Oft og mikið hefur verið fjallað um þau kaflaskil í sögunni sem urðu þegar Vigdís Finnbogadóttir var kosin í embætti forseta Íslands árið 1980, fyrst kvenna í veröldinni kjörin lýðræðislegur þjóðarleiðtogi. Sýning þessi er uppi á svonefndu *Torgi*, nærri safnbúð og kaffihúsinu á jarðhæð safnhússins við Suðurgötu. Allar eru myndirnar úr myndasafni Þjóðminjasafnsins og valdar af þeim Ingu Láru Baldvinsdóttur og Lindu Ásdísardóttur, sem er sýningarstjóri.

„Vissulega er vandratað þegar velja skal til þess að gera fáar myndir frá löngum en viðburðaríkum tíma. Reynt var þó að endurspegla hve víða Vigdís lét til sín taka með sinni heimsborgaralegu framgöngu; bæði meðal íslensks alþýðufólks og erlendra þjóðhöfðingja og allra þar á milli,“ segir Margrét um sýninguna. Til hennar er efnt í tilefni af 90 ára afmæli Vigdísar hinn 15. apríl síðastliðinn og þess að í júní verða 40



Morgunblaðið/Sigurður Bogi

Safn Hafdís Guðmundsdóttir í safnbúð og Margrét Hallgrímsdóttir.



Ljósmynd/Gunnar G. Vigfússon

Forsetinn Með börnunum í opinberri heimsókn á Hvammstanga.

ár liðin frá hinum sögulegu forsetakosningum.

Bækur og kort

Safnið hefur samhliða sýningunni útbúið skemmtileg tækifæriskort í gjafapakkingu með myndum af Vigdísí við ýmis embættisstörf eftir Gunnar Geir Vigfússon ljósmyndara. Pakkningin fæst í safnbúðinni. Þar fást einnig bækurnar *Vigdís – kona verður forseti*, rituð af Páli Valssyni, og *Ein á forsetavakt: dagar í lífi Vigdísar Finnbogadóttur* eftir Steinunni Sigurðardóttur. Einnig barnabók eftir Rán Flygenring sem kom út fyrir síðustu jól, *Vigdís. Bókin um fyrsta konuforsetann*. sbs@mbl.is